



Garðabær

Tækni og umhverfissvið

Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur

Garðabæ 21. október 2020

Á fundi heilbrigðisnefndar 28., september s.l. var fjallað um kaup á færanlegri loftgæðastöð. Heilbrigðisnefnd rekur tvær fastar mælistöðvar til að vakta loftgæði. Mælistöð við Dalsmára í Kópavogi sem var kostuð af Kópavogi. Stöðin er lykilstöð í vöktun almennra loftgæða í Kópavogi og einnig almenn loftgæði í íbúðahverfum á svæðinu. Þá rekur heilbrigðisheftirlitið mælistöð við Norðuhellu í Hafnarfirði sem var kostuð að Hafnarfjarðarbæ.

Viðbragðsáætlun um viðbrögð við slæmum loftgæðum hefur verið samþykkt af sveitarfélögunum og kemur þar fram mikilvægi þess að að bæta við færanlegri loftgæðastöð. Slík stöð myndi nýtast til að vakta rykmengun frá helstu stofnbrautum sem liggja um bæjarfélögin. Þá er reiknað með að slík stöð nýtist til fleiri vöktunarpátta.

Að því tilefni var samþykkt eftirfarandi bókun:

Heilbrigðisnefnd fer þess á leit við Garðabæ að bæjarfélagið festi kaup á færanlegri mælistöð vegna loftgæða í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

Í framhaldi af þessari bókun óskum við eftir fundi með ykkur þar sem erindið verður rætt og skoðað nánar.

Með góðri kveðju,

Hörður Þorsteinsson
framkvæmdastjóri
Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði